

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2009/159/ESB

2011/EES/5/24

frá 16. desember 2009

um breytingu á III. viðauka við tilskipun ráðsins 76/768/EBE um snyrtivörur í því skyni að laga hann að tækniframförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 76/768/EBE frá 27. júlí 1976 um samræmingu laga aðildarríkjanna um snyrtivörur (¹), einkum 2. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við vísindanefndina um öryggi neytenda,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við áætlunina um öryggismat á hárlitunarefnum var ákveðið í samráði við aðildarríkin og hagsmunaaðila að 31. desember 2007 skyldi vísindanefndinni um öryggi neytenda (hér á eftir nefnd „nefndin“) afhent vísindagögn um myndefnin sem oxandi hárlitunarefni mynda í hársverði, og um öryggi þeirra fyrir neytendur.
- 2) Sem stendur eru 31 hárlitunarefni leyfð til bráðabirgða til notkunar í snyrtivörur til 31. desember 2009, samkvæmt þeim takmörkunum og skilyrðum sem mælt er fyrir um í 2. hluta III. viðauka við tilskipun 76/768/EBE. Snyrtivöruaðurinn afhenti nefndinni vísindagögn, sem óskað var eftir um öryggi myndefna sem oxandi hárlitunarefni mynda í hársverði, áður en umsáminn frestur rann út 31. desember 2007.
- 3) Nefndin mat öryggisgögnin sem lögð voru fram. Í janúar 2009 komst nefndin að þeirri niðurstöðu í álitinu sínu að hún væri ekki í aðstöðu til að leggja lokamat á áhættu af myndefnum oxandi hárlitunarefna vegna þess að málsskjöl frá iðnaðinum voru ófullnægjandi. Snyrtivöruaðurinn lagði fram þær upplýsingar sem vantaði fyrir lok september 2009.

4) Í ljósi þess sem að framan greinir þarf enn lengri tíma en þann tíma sem veittur er með bráðabirgðafrestinum til 31. desember til að vinna áhættumat á framlögðum viðbótargögnum og lokaálit nefndarinnar á öryggi myndefnanna að því er varðar efnin sem eru skráð í 2. hluta III. viðauka.

5) Því mun endanleg setning reglna um 31 hárlitunarefni, sem skráð eru í 2. hluta III. viðauka, á grundvelli áhættumats um myndefni þeirra og innleiðing reglnanna í lög aðildarríkjanna ekki eiga sér stað áður en bráðabirgðafresturinn rennur út. Af þessum sökum skal framlengja bráðabirgðaleyfi fyrir notkun þeirra í snyrtivörum, samkvæmt þeim takmörkunum og skilyrðum sem mælt er fyrir um í 2. hluta III. viðauka. Nýr framlengdur frestur til 31. desember 2010 er talinn fullnægjandi til að setja endanlegar reglur fyrir þessi efni.

6) Því ber að breyta tilskipun 76/768/EBE til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um snyrtivörur.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breyting á tilskipun 76/768/EBE

Í stað dagsetningarinnar „31.12.2009“ fyrir tilvísunarnúmerin 3, 4, 5, 6, 10, 11, 12, 16, 19, 20, 21, 22, 25, 26, 27, 29, 31, 32, 33, 34, 35, 36, 37, 38, 39, 44, 48, 49, 50, 55 og 56 í g-dálki í 2. hluta III. viðauka við tilskipun 76/768/EBE komi dagsetningin „31.12.2010“.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 336, 18.12.2009, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 101/2010 frá 1. október 2010 um breytingu á II viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 16.12.2010, bls. 8.

(¹) Stjtið. EB L 262, 27.9.1976, bls. 169.

2. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 2009. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. janúar 2010.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. desember 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.